

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 35. fundur.

að Hlíðavegi 6, 1. 4. 2004, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skólanefndar frá 15. mars.
3. Umsóknir um sumarstörf.
4. Fundur með aðilum í ferðapjónustu.
5. Vinnuskóli.
6. Verkefni sumars.
7. Lögfræðialit vegna ágreinings um hitaveitumál.
8. Fundargerð bygginganefndar frá 3. nóv. 2003.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Samþykkt að bæta á dagskrá fundarins 3. lið fundargerðar bygginganefndar frá 3. nóv. sem frestað var á fundi sveitarstj. 20. nóv. 2003.

#### 2. Fundargerð skólanefndar frá 15. mars.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

#### 3. Umsóknir um sumarstörf.

Um störf við Íþróttamiðstöð hafa sótt Einar Már Haraldsson, Hildur Vésteinsdóttir og Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir.

Um störf við Áhaldahús hafa sótt Kristinn Magnús Þorbergsson og Þorsteinn Þorvaldsson.

Um starf við Upplýsingamiðstöð hefur sótt Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir.

Forstöðumenn Íþróttamiðstöðvar og Áhaldahúss mæla með ráðningu umsækjenda.

Sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningu umsækjenda og auglýsa jafnframt eftir starfsmanni við Upplýsingamiðstöð.

**4. Fundur með aðilum í ferðaþjónustu.**

Rætt var um fundi sem haldnir hafa verið með aðilum í ferðaþjónustu.

**5. Vinnuskóli.**

Rætt var um starfsemi vinnuskólans í sumar.

**6. Verkefni sumars.**

Sveitarstjóra falið að kanna um kostnað við lagfæringu gatna o.fl.

**7. Lögfræðiálit vegna ágreinings um hitaveitumál.**

Við umræður og afgreiðslu þessa liðar fundargerðarinnar vék oddviti af fundi og tók Áslaugur Haddsson sæti oddvita. Við stjórn fundarins tók varaoddviti Jón Óskar Ferdinandsson.

Sveitarstjórn hefur aflað álits Lögmannsstofunnar Logos, Péturs Guðmundarsonar, hrl. um deilumál Hitaveitu Reykjahlíðar og landeigenda í Vogum. Farið var yfir álitnið og urðu um það nokkrar umræður.

Sveitarstjóra falið að ganga frá bréfi til landeigenda í Vogum í samráði við Pétur og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

**8. 3.liður fundargerðar bygginganefndar frá 3. nóv. sem frestað var á fundi sveitarstj. 20. nóv. 2003.**

Sveitarstjórn samþykkir að veita Dyngjunni stöðuleyfi til eins árs fyrir húsi sínu á lóðinni nr. 6 við Hraunveg.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson,

Áslaugur Haddsson